

**Mál nr. 1/2012**  
**Knattspyrnudeild Tindastóll**  
**gegn**  
**Knattspyrnudeild Keflavíkur**

**Kæra Tindastóls**

**Dómkröfur:**

Knattspyrnudeild Tindastóls fer fram á að Keflavík verði dæmt til að tapa leiknum 3 – 0 í 3 flokk leik kvenna sem fram fór laugardaginn 2 júní í Keflavík

**Málavextir:**

Þjálfari Keflavíkur hafði beðið um að hafa frjálssar skiptingar í leiknum við dómara án þess að láta þjálfara Tindastóls vita. Meðal annars gerði þjálfari Tindastóls skiptingu í hálfleik sem hún lét skrá (eins og reglur segja til um) hjá línuverði að dómara viðstöddum, en samt var henni ekki sagt að það þyrfti ekki að skrá skiptingarnar. Einnig er þjálfari Tindastóls gerði athugasemd við aðstoðardómarann þá sagðist hann ekkert vita svo segir dómarrinn eftir leik er þjálfari Tindastóls bar fram athugasemd að það hefði verið búið samþykkja frjálssar skiptingar. Þjálfari Keflavíkur sagði svo í lokin á leiknum að það tíðkaðist að þetta væri gert með samráði þjálfara, en viðurkenndi svo að hann hefði „gleymt“ að láta hinn þjálfarann vita. Einkennilegt samráð.

**Tilvísun:**

Við byggjum á því að í reglugerð KSÍ um knattspyrnumót er skýrt tekið farm að það sé eingöngu leifðar 5 skiptingar en ekki frjálssar skiptingar og þjálfarar eða dómarrar hafa heimild til að víkja frá þeirri reglu.

Minni á tölvupóst 20/6 frá Birki Sveinssyni í KSÍ sem öllum félögum voru send á síðasta ári þar sem þetta var áréttað.

**Röksemd:**

Þar sem Keflavík hafði augljósan hag af því að geta hvílt sínar sterkustu stúlkur og sent þær síðan aftur inn á völlinn. En Tindastóll skipti samkvæmt reglum KSÍ.

**Sönnunargögn:**

Sjá leikskýrslu frá þessum leik.

**Vitn:**

Nafn: Jón Þorsteinn Reynisson

Kennitala: 120888-3239

Heimilisfang: Mýrakot, 566 Hofsósi

Nafn: Rakel Hinriksdóttir.

Kennitala: 250586-2809

Heimilisfang: Melateigur 600.

Undirskrift: Skúli V Jónsson. ( framkvæmdarstjóri.)

### **Greinargerð frá Keflavík**

Engin greinargerð barst

### **Úrskurður aga – úrskurðarnefndar**

Ár 2012, þriðjudaginn 26. júní, er fundur haldinn í aga- og úrskurðarnefnd KSÍ á skrifstofu Knattspyrnusambands Íslands í Laugardal, Reykjavík, af nefndarmönnum Sigurði I. Halldórssyni, Gunnari Guðmundssyni og Helga R. Magnússyni.

#### **Fyrir er tekið málið nr. 1/2012:**

Knattspyrnudeild Tindastóls  
gegn

Knattspyrnudeild Keflavíkur

Gögn málsins merkt nr. 1-5 liggja frammi. Er nú í nefndinni kveðinn upp svofelldur

#### **ÚRSKURÐUR:**

I.

#### **Kærandi:**

Knattspyrnudeild Tindastóls, kt. 690390-1249.

Víðigrund 5,

550 Sauðárkróki.

Fyrirsvarsmaður: Björn Ingi Óskarsson.

#### **Kærði:**

Knattspyrnudeild Keflavíkur, kt. 541094-3269.

Sunnubraut 34,

230 Reykjanesbæ.

Fyrirsvarsmaður: Smári Helgason.

Mál þetta er móttakið af skrifstofu KSÍ 7. júní sl. Ákveðið var að gefa kærða frest til að skila greinargerð til 14. júní. Ekki barst greinargerð frá kærða.

**Kröfur:**

Kærandi krefst þess að leikur Keflavíkur og Tindastóls í 3. flokki kvenna, Íslandsmóti B2 deild, sem fram fór laugardaginn 2. júní 2012, verði breytt og Tindastóli dæmdur 0-3 sigur í leik liðanna.

Eins og að ofan greinir barst ekki greinargerð frá kærða.

## II.

### **Málsatvik og ágreiningsefni:**

Kærandi lýsir málavöxtum svo að í leik Keflavíkur og Tindastóls í 3. flokki kvenna, Íslandsmóti B2 deild, þann 2. júní sl, hafi þjálfari Keflavíkur óskað eftir því við dómara leiksins, að hafa frjálsar skiptingar í leiknum án þess að hafa um það samráð við þjálfara Tindastóls. Aga- og úrskurðarnefnd KSÍ óskaði eftir greinargerð frá dómara leiksins varðandi fyrirkomulag innáskiptinga í umræddum leik. Í skýrslu dómara kemur frá að hann hafi samþykkt beiðni þjálfar Keflavíkur um að hafa “frjálsar skiptingar” (sem hafi tíðkast undanfarin ár) og taldi að þjálfari Tindastóls hefði einnig samþykkt þá tilhögun. Þegar 5-6 mínútur voru eftir af leik skipti Keflavík inn á leikmanni, sem áður hafði verið skipt útaf. Eftir leikinn gerði þjálfari Tindastóls athugasemd við þetta fyrirkomulag, sem ekki hafði verið borið undir hana fyrir leik. Þjálfari Keflavíkur viðurkenndi að hafa gleymt að afla samþykkis þjálfara Tindastóls fyrirfram og bauðst í kjölfarið til að gefa leikinn, sem þjálfari Tindastóls samþykkti ekki og voru því úrslitin skráð 3-3 eins og leikurinn fór.

Máli sínu til stuðnings vísar kærandi til 34. gr. í reglugerð KSÍ um knattspyrnumót þar sem segir að heimilt sé að skipta öllum (5) varamönnum inná.

Þá vísar kærandi til tölvupósts frá mótastjóra KSÍ, sem sendur var til hlutaðeigandi aðila þann 20. júní 2011 þar sem áréttað var að ekki væri heimilt að hafa frjálsar skiptingar í 3. flokki kvenna í 11 manna bolta.

## IV.

### **Niðurstaða:**

Í máli þessu er kært vegna leiks þar sem því er haldið fram að hið kærða félag Keflavík, hafi verið ólöglega skipað í leik liðsins gegn Tindastóli þann 2. júní 2012 í 3. flokki kvenna, Íslandsmóti B2 deild.

Fyrir liggur í gögnum málsins að lið Keflavíkur viðhafði svokallaðar frjálsar skiptingar í umræddum leik þegar liðið skipti inn á leikmanni, sem áður hafði verið skipt útaf. Með vísan til

ákvæða 34. gr. reglugerðar KSÍ um knattspyrnumót telst hið kærða félag hafa verið ólöglega skipað og þar með brotið gegn ákvæðum 40. greinar í reglugerð KSÍ um knattspyrnumót.

Verður því að taka kröfur kæranda til greina og breyta úrslitum í umræddum leik málsaðila á þann veg að kæranda, Tindastóli, er dæmdur 0-3 sigur í leik liðanna þann 2. júní 2012 í 3. flokki kvenna, Íslandsmóti B2 deild.

Skylt er samkvæmt grein 40.1 í reglugerð KSÍ um knattspyrnumót að dæma kærða til greiðslu sektar samhliða viðurlögum við þessu broti og skal kærði greiða kr. 5.000,- í sekt til KSÍ.

V..

### **Úrskurðarorð:**

Úrslitum í leik Keflavíkur og Tindastóls í leik liðanna þann 2. júní 2012 í 3. flokki kvenna, Íslandsmóti B2 deild er breytt og Tindastóli dæmdur 0-3 sigur í leiknum.

Kærði, knattspyrnudeild Keflavíkur, greiði kr. 5.000,- í sekt til KSÍ.

### **Um Áfrýjun:**

Samkvæmt grein 14.3. í reglugerð KSÍ um aga-og úrskurðarmál er frestur til að áfrýja máli til áfrýjunardómstóls KSÍ 5 dagar frá því að úrskurður aga- og úrskurðarnefndar er kveðinn upp og skulu almennir frídagar ekki taldir með.

Sigurður I. Halldórsson

Gunnar Guðmundsson

Helgi R. Magnússon